

6. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar þriðjudaginn 21. september 2010, kl. 16:00.

Formaður bæjarráðs, Kári Kárason setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

- 1. Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir árið 2010**
 - 2. Fundargerðir:**
 - a) Stjórnar SSNV frá 13. september 2010**
 - b) Aðalfundar Menningarráðs NV frá 27. ágúst 2010**
 - c) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 26. ágúst 2010**
 - 3. Erindi frá Sýslumanninum á Blönduósi frá 16. september 2010**
 - 4. Fundur með heilbrigðisráðherra**
 - 5. Atvinnumál**
-

Afgreiðslur:

Formaður bæjarráðs óskar eftir að dagskrárliðurinn „Önnur mál“ verði á dagskrá sem 6. liður fundargerðarinnar. Samþykkt samhljóða.

1. Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir árið 2010

Endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 er vísað til síðari umræðu bæjarstjórnar.

Bæjarstjóri lagði fram vinnuferli varðandi fjárhagsáætlun Blönduóssbæjar 2011. Bæjarráð samþykkir vinnuferlið.

2. Fundargerðir:

a) Stjórnar SSNV frá 13. september 2010

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Lögð fram til kynningar.

b) Aðalfundar Menningarráðs NV frá 27. ágúst 2010

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Lögð fram til kynningar.

c) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 26. ágúst 2010

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Lögð fram til kynningar.

3. Erindi frá Sýslumanninum á Blönduósi frá 16. september 2010

Óskað er eftir umsögn við beiðni um leyfi til reksturs veitingastaðarins „Ljón norðursins“, Blöndubýggð 9, 540 Blönduósi.

Samkvæmt 4. mgr. 1. tl. 10. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, skal sveitarstjórn gefa leyfisveitanda, í þessu tilviki Sýslumanninum á Blönduósi, umsögn sína.

Bæjarráð fyrir sitt leyti veitir jákvæða umsögn.

4. Fundur með heilbrigðisráðherra

Þann 23. september n.k. mun heilbrigðisráðherra funda með bæjarráði og stjórn Bs. um menningu og atvinnumál. Efni fundarins er að ræða fyrirhugaða sameiningu heilbrigðisstofnana á Norðurlandi vestra.

Umræður urðu um málið.

5. Atvinnumál

Miklar umræður urðu um byggðakvóta sem var úthlutaður Blönduósbæ kvótaárið 2009-2010.

6. Önnur mál

a) Samningur um tjaldsvæði

Umræður urðu um drög að samningi um rekstur tjaldsvæðisins í Brautarhvammi á Blönduósi. Forsendur samningsins ræddar og bæjarstjóra falið að ganga til viðræðna á grundvelli þeirra athugasemda sem fram komu.

b) Erindi frá Hörpu Hermannsdóttur

Erindi frá Hörpu Hermannsdóttur þar sem hún óskar eftir að halda launum á meðan hún sækir nám í meistaranámi í Sérkennslufræðum (M.Ed.) frá Háskólanum á Akureyri. Um er að ræða 16 daga fjarveru.

Bæjarráð samþykkir erindið. Ekki þarf að ráða starfsmann á Barnabæ í fjarveru Hörpu.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 19:25

Kári Kárason (sign.)
Heiðrún Bjarkadóttir (sign.)
Oddný M. Gunnarsdóttir (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)